



Minnisblað – 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf Viðbragðsteymis Dalabyggðar vegna COVID-19*

Dags.: 08.09.2020

Viðbragðsteymi Dalabyggðar skipa: Kristján Sturluson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Ingi Arnarsson, Magnína Kristjánsdóttir, Viðar Þór Ólafsson, Ívar Örn Þórðarson, Hlökkver Ingi Gunnarsson, Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir og Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Eftir sumarið hefur teymið fundað tvisvar í viku, þ.e. á mánudögum og fimmtudögum kl. 13. Þess á milli hefur teymið skipst á upplýsingum s.s. hvað varðar stöðu smita á Vesturlandi og uppfærðar auglýsingar og leiðbeiningar í spjallborði. Fundi sem hefði átt að vera 17. ágúst var aflýst. Hérna fyrir neðan má sjá samantekt af samskiptum og fundum teymisins auk aðgerða sem er beint til sveitarstjórnar.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 5. ágúst 2020:
Staða smita og þróun.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 10. ágúst 2020:
Leitað hafði verið upplýsinga vegna skólaaksturs, gangna og rétta vegna fjarlægðarreglu. Svör voru þau að skólabílstjórar ættu að viðhafa grímnotkun við störf þar sem ekki væri hægt að halda 2 metra fjarlægðarmörkum og í göngum og réttum ætti að nota grímu ef ekki væri hægt að viðhafa sömu fjarlægðarmörk. Þá var tilkynnt að ekki yrði eiginleg skólasetning vegna takmarkanna við upphaf skólaárs og að tekið hefði verið fyrir bilferðir íbúa á Silfurtúni með utanaðkomandi aðilum. Óskað var eftir upplýsingum um hvernær æfingar slökkviliðs mættu hefjast að nýju þar sem ekki hafi verið æft síðan í febrúar/mars. Haft yrði samband við leigjendur Dalabúðar og þeir upplýstir um takmarkanir á samkomum.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 10. ágúst 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 12. ágúst 2020:
Staða smita og þróun.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 13. ágúst 2020:
Ný auglýsing kom frá heilbrigðisráðherra, taldi teymið að hún hefði ekki áhrif á þær aðgerðir hjá Dalabyggð enda fyrst og fremst gerð til að létta á starfi framhalds- og háskóla. Kom fram að hjúkrunarheimili ættu að setja sér eigin reglur. Íbúar Silfurtúns eru ánægðir með þær takmarkanir sem hafa verið viðhafðar þar. Ítrekað var að því yrði fylgt eftir að skólabílstjórar yrðu með grímur. Skrifstofa Dalabyggðar færði þá fundi sem hægt var yfir í fjarfundu, að öðru leyti yrði fundarsalur nýttur. Upplýst var um leiðbeiningar vegna gangna og rétta sem væru í vinnslu.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 19. ágúst 2020:
Staða smita og þróun.
Það sem þarf að skoða fyrir réttir og göngur.

- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 20. ágúst 2020:
Staðfest að eiginleg skólasetning yrði ekki og tilkynnt að stofnanir Auðarskóla væru lokaðar fyrir utanaðkomandi. Skólinn fékk leiðbeiningar frá Reykjavíkurborg sem unnið er eftir að sinni. Foreldrar leikskólabarna fá að koma inn í anddyri en ekki lengra. Farið var yfir leiðbeiningarnar vegna gangna og rétta. Erindi til fjallskilanefnda undirbúið þar sem kallað yrði eftir smitvarnarfulltrúum og hliðvörðum auk þess sem annað í leiðbeiningunum yrði kynnt.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 24. ágúst 2020:
Silfurtún hefur áfram lokað fyrir utanaðkomandi, þ.e. strangar kröfur á gestkomum og t.d. væri hársnyrti ekki hleypt inn á heimilið. Rætt um fleiri einkennalítil og einkennalaus smit. Áréttað að allir þurfi að fara varlega og viðhafa grundvallarsmitgát. Sniðmát fyrir talningu í réttir rætt og ákveðið að senda ítrekun á fjallskilanefndir fyrir helgina um að skila inn smitvarnarfulltrúum og hliðvörðum.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 27. ágúst 2020:
Athugasemdir fjallskilanefnda rædd, erfitt að manna hliðverði meðfram mönnun í göngur og réttarstörf. Áréttað að hlutverk smitvarnarfulltrúa geti vel rúmast með hlutverki fjallkóns/réttarstjóra. Áfram unnið eftir fyrstu leiðbeiningum og tilmælum vegna gangna og rétta þó breytingar gætu verið í farvatninu. Af fundi vegna hjúkrunarheimila komu vangaveltur um hvort herða þyrfti heimsóknarreglur enn frekar, dæmi um að ekki sé verið að virða reglur um heimsóknir. Skólinn heldur áfram að stiga varlega til jarðar s.s. þegar sálfræðingar og aðrir þurfa að koma inn í hús. Rætt um viðburði sem eru á döfinni s.s. fund Breiðafjarðarnefndar sem hefur aftur verið frestað og svo haustþing SSV sem er áætlað að halda í Dalabyggð. Ábendingar um að smitvörnum s.s. þrifum í verslun Krambúðarinnar sé ábótavant.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 31. ágúst 2020:
*Staða smita og þróun.
Helstu breytingar í uppfærðum leiðbeiningar fyrir göngur og réttir.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 31. ágúst 2020:
Athugasemdir fjallskilanefnda rædd, erfitt að manna hliðverði meðfram mönnun í göngur og réttarstörf. Rætt um hvort sveitarfélagið finni hliðverði og útbúi handþvottaaðstöðu. Fjallskilanefndir verða áfram að skipa smitvarnarfulltrúa. Farið yfir ýmsar útfærslur af talningu manna inn á réttarsvæði. Ákveðið að handþvottaaðstaða fari í útfærslu og samtal tekið við björgunarsveit um hliðvörslu, þetta verði tilkynnt fjallskilanefndum.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 1. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 2. september 2020:
Upplýsingar um útfærslur handþvottaaðstöðu frá Borgarbyggð
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 3. september 2020:
Aðeins ein fjallskilanefnd búin að skila inn smitvarnarfulltrúum fyrir tvær réttir. Áminning til fjallskilanefnda verði send út. Búið að semja um að björgunarsveit og slysavarnadeild sjái um hliðvörslu. Handþvottaaðstaða tilbúin. Sveitarstjóri beðinn um að athuga hvort skipta megi þátttakendum/aðstoðarmönnum út í réttarstörfum til að viðhafa fjöldatakmarkanir. Áréttað að smitvarnarfulltrúi í réttum er hugsaður sem staðkunnugur til samráðs ef eitthvað þarf að skoða s.s. hvenær réttarstörfum er lokið og hliðverðir megi yfirgefa svæðið.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 2. september 2020:
100 manna hámark í réttum. Má framkvæma það þannig að um leið og einn fer út þegar 100 manna markinu er náð þá má annar fara inn.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 6. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 7. september 2020:
Það gekk vel í fyrstu réttum með umræddu fyrirkomulagi. Haft verður samband við framkvæmdarstjóra LS til að spyrja hvort skipta megi handþvottaaðstöðunni út fyrir blautklúta og spritt. Stofnanir Auðarskóla eru áfram lokaðar og breyting á fjöldatakmörkunum mun ekki hafa áhrif á skólastarf m.t.t. að engir viðburðir eða samkomur eru á dagskrá. Á fundi með hjúkrunarheimilum kom fram að þau eru ennþá skilgreind á hættustigi og því verður ekki slakað á kröfum þar s.s. hvað varðar 2 metra fjarlægðarreglu. Búast megi við uppfærðum leiðbeiningum vegna gangna og rétta í samræmi við tilslakanir.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 8. september 2020:
Uppfærðar leiðbeiningar vegna gangna og rétta.

Aðgerðir sem er beint til sveitarstjórnar:

- Skipa smitvarnarfulltrúa fyrir réttir.
Í leiðbeiningum um réttir og göngur vegna COVID-19 kemur fram að skipa eigi smitvarnarfulltrúa fyrir hverja rétt. Þrátt fyrir tilslakanir og uppfærslu leiðbeininga eru tilmæli um skipun smitvarnarfulltrúa enn í gildi. Vísað er til fylgiskjals um skipaða smitvarnarfulltrúa.
- Reglur Dalabyggðar vegna gangna og rétta.
Þrátt fyrir leiðbeiningar vegna gangna og rétta er sveitarfélögum heimilt að útfæra reglur eins og hentar innan þess ramma sem leiðbeiningar leyfa. Er því rétt að sveitarstjórn yfirfari leiðbeiningarnar og gefi úr reglur fyrir svæðið ef þarf.